

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn samkvæmt því, sem að framan greinir.

Miðvikudaginn 12. apríl 1961.

Nr. 16/1961. **Einar Viðar** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
 gegn
Gunnari Ásgeirssyni og
Jóhannesi Guðmundssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1961 og krafizt staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt, og er þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta héraðsdóminn.

Stefndu höfðu áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera héraðsdóminn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma áfrýjanda úr hendi stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson og Jóhannes Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Einari Viðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. f. m., af Einari Viðar héraðsdómslögmanni, Reykjavík, gegn Gunnari Ásgeirssyni, Laugavegi 138, Reykjavík, og Jóhannesi Guðmundssyni, Efstasundi 59, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 4.500.00, útgefins 4/6 1960 af stefnda Jóhannesi og samþykkt af stefnda Gunnari til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 5/10 1960, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 7/10 1960, eru stefndi Jóhannes og Eiríkur Ketilsson ábekingar. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 4.500.00, með 11% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 103.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Jóhannes hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, að því er hann varðar, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefndi Gunnar sótti þing, en hreyfði engum andmælum gegn dómkröfum stefnanda, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson og Jóhannes Guðmundsson, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, greiði stefnanda, Einari Viðar, kr. 4.500.00 með 11% ársvöxtum frá 5. október 1960 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 103.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og kr. 1400.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.